

## Örnefni í Urriðakotslandi

Svanur Pálsson skráði

Skrásetjari eftirfarandi örnefnaskrár er Svanur Pálsson, Háukinn 2, Hafnarfirði. Heimildarmaður er móðir hans, Guðbjörg Guðmundsdóttir sama stað. Hún er fædd í Urriðakoti 1906 og átti þar heima til 1939. Örnefnin nam hún af föður sínum, Guðmundi Jónssyni bónda í Urriðakoti, en á uppvaxtarárum sínum vann hún mikið með honum við útistörf. Guðmundur var fæddur í Urriðakoti 1866 og átti þar heima til 1941, en foreldrar hans bjuggu þar á undan honum og mun faðir hans hafa flust þangað 1846, en móðir hans nokkru síðar.

Urriðakot er jörð í Garðabæ. Bærinn stóð suðvestan í **Urriðakotsholti** (1) norðaustan við **Urriðakotsvatn** (2). Bærinn stóð nálægt miðju túninu. Suður frá bænum lágu traðir, hlaðnar úr torfi og grjóti. Traðirnar voru sléttaðar út 1928. Í eystri traðarveggnum var stór steinn, sem ekki var hreyfður, þegar traðirnar voru sléttaðar. Á steininn hafði afi heimildarmanns, Jón Þorvarðsson bóndi í Urriðakoti, höggvið áletrunina J TH 1846, en það ár mun hann hafa flust að Urriðakoti, eins og áður er sagt. Utan um stafina hafði hann höggvið rétthyrndan ramma. Áletrunin er enn læsileg.

Túnið austan traðanna var kallað **Austurtún** (3). Efst á Austurtúninu voru fjárhúsin, ærhúsið uppi við túngarð og lambhúsið neðar. Ofan (norðaustan) bæjarins var **Upptúnið** (4). Þar alveg við túngarðinn, beint upp af bænum, var fjárrétt, sem síðast var notuð u.þ.b. 1934-35. Nyrst í túninu var slétta, sem kölluð var **Kinn** (5), en niður af henni úti undir garði var laut, sem kölluð var **Snorralaut** (6). Nafnið er dregið af orðatiltækinu „að flytja Snorra“, sem merkir að ganga örna sinna. Rétt fyrir neðan Snorralaut lá gata frá bænum norðvestur úr túninu. Á móts við lautina nokkru neðan götunnar fundust skeljabrot, þegar túnið var sléttað, og var brekkan þar því kölluð **Skeljabrekka** (7). Skeljarnar hafa sennilega verið frá þeim tíma, er sjávarstaða var einna hæst rétt eftir lok

ísaldar, en gamalt fjöruborð virðist vera nálægt þeim stað, sem gatan lá ofan við Skeljabrekku.

Niður af Skeljabrekku er **Ferginsflöt** (8). Þar var þurrkað fergin, elftingartegund, sem slegin var í vatninu. Mikið óx af fergini í Urriðakotsvatni, en nú er orðið miklu minna af því. Norðan við Ferginsflöt á vatnsbakknum er **Fitin** (9). Hún er utan túngarðsins, en varð síðan innan túngirðingar. Hún er álagablettur, sem ekki má slá. Í minni móður minnar var hún einu sinni slegin, en veturinn eftir drapst besta kýrin. Sunnan við Ferginsflöt ganga tveir smátangar út í vatnið, kallaðir **Hólmar** (10). Þar var fergininu, sem slegið var í vatninu, kastað upp á land. Nafnið gæti bent til þess, að áður hafi vatnsborðið staðið hærra. Sá hluti túnsins, sem liggur niður (vestur) frá tröðunum og bænum sunnan við Hólmana, er kallaður **Norðurflöt** (11).

Neðan við traðirnar í mýrarjaðrinum rétt utan við túnið var brunnurinn, en leiðin frá brunninum til bæjar lá um traðirnar. Frá brunninum liggur **Brunnrásin** (12) eftir mýrinni út í vatnið. Í vatninu hér fyrir neðan er pyttur, sem aldrei leggur. Til suðurs frá traðahlíði lá svonefndur **Urriðakotsvegur eldri** (13) ofan við mýrina. Hann beygði síðan vestur með **Hádegisholti** (14), öðru nafni **Flóðahjalla** (15), sem er stórt holt suður af Urriðakotsvatni. Síðan lá vegurinn norðvestur eftir Setbergsholti norðaustanverðu, meðfram túngarði á Setbergi, norðvestur fyrir Setbergshamar og síðan til suðurs niður á Setbergsveg, sem lá til Hafnarfjarðar.

Mýrin sunnan við túnið heitir **Dýjamýri** (16). Ofan við veginn rétt fyrir sunnan túnið er **Grjótréttin** (17), rústir gamallar réttar, sem móðir mín veit ekki, hvenær hætt var að nota. Í austurhorni Dýjamýrar eru uppsprettur undan holtinu, og kallast það svæði **Dýjakrókar** (18). Ofan við Dýjakróka er lítill hóll, **Dýjakrókahóll** (19). Í hólnum var talið búa huldufólk og sá afi minn, Guðmundur Jónsson bóndi í Urriðakoti, konu, sem hann þekkti ekki sækja vatn í fötum í Dýjakróka snemma á þessari öld. Milli Grjótréttar og Dýjakrókahóls eru grasgeirar, er nefndust **Dýjakrókaflöt** (20). Úr uppsprettunum í Dýjakrókum rennur **Dýjakrókalækur** (21) vestur Dýjamýri í **Purumýrarlæk** (22), en Purumýrarlækur rennur í vatnið. Purumýrarlækur dregur nafn af Purumýri, sem er suðvestan Dýjamýrar og er í Setbergslandi. Í Dýjamýri rétt neðan við Dýjakróka, en norðvestan við Dýjakrókalæk, er stórt dý ófært mönnum og skepnum. Það nefnist **Svaðadý** (23). Frá því rennur **Svaðadýsrás** (24) í Dýjakrókalæk. Þar sem

Purrukýrarlækur rennur í Urriðakotsvatn, er tangi út í vatnið Urriðakotsmegin, er nefnist **Álftatangi** (25). Hann er á mörkum Urriðakots og Setbergs. Skammt norðaustan við hann gengur annar tangi út í vatnið, **Skothústangi** (26). Í Skothústanga eru gamlar rústir af byrgi, er nefnast **Skothús** (27). Hér fram undan í vatninu eru kaldavermsl. Frá Urriðakoti lá **Gjáarréttargata** (28) upp Dýjakrókaflöt, norðan við Dýjakrókahól og upp á **Urriðakotsháls** (29), venjulega stýtt í **Háls**, (29a) en svo nefnist hálsinn milli Urriðakotsholts og Hádegisholts. Um Urriðakotsháls liggur nú bílvegur, sem venjulega er kallaður **Flóttavegur** (30) eða **Flóttamannavegur** (31). Hann liggur milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsvegur og var lagður af Bretum á stríðsárunum. Hann var líklega hugsaður sem varavegur, ef Hafnarfjarðarvegur lokaðist vegna hernaðaraðgerða og hafa einhverjir hugsað sem svo, að hann væri ætlaður til að flýja eftir. Hið opinbera nafn hans á vegmerkjum er **Ellidavatnsvegur** (32), en einnig er hann nefndur **Vatnsendavegur** (33).

Nærri mótum Urriðakotsháls og Urriðakotsholts er stór steinn, **Stóristeinn** (34). Á holtinu beint upp af fjárhúsunum efst á Austurtúninu, sem áður voru nefnd, er **Dagmálavarða** (35), eyktamark frá Urriðakoti, en norðar uppi á háholtinu er **Stóravarða** (36). Hana hlóð Jón Þorvarðsson, afi heimildarmanns, og var hún mjög vel hlaðin, en hefur nú verið spillt.

**Kvíafllöt** (37) heitir allmikið barð norðvestan við túngarðinn og ofan við veginn, sem lá norðvestur frá bænum. Kvíafllöt var gerð að túni skömmu áður en Urriðakot fór í eyði. Vegurinn, sem hér um ræðir, var **Urriðakotsvegur nýrri** (38). Hann var lagður um 1930 norðvestur úr túninu, yfir mýrina og Hrauntangann, gegnum túnið á Setbergi á Setbergsveg vestan við bæinn á Setbergi. Hann var lagður sem bílvegur og var þá hætt að nota Urriðakotsveg eldri, sem áður er nefndur, en sá vegur var ekki bílfær. Ofan við Kvíafllöt er **Grjótréttin vestri** (39), rústir gamallar réttar. Norður af Grjótréttinni er einstakt barð, er nefnist **Trantur** (40), en skammt vestur og niður af Trantinum er langt barð, sem nefnist **Langabarð** (41). Það nær alla leið niður að **Vesturmýri** (42), en svo kallast einu nafni mýrin milli holtsins og hraunsins. Norðvestur af Langabarði neðst er **Höskuldarklettaflöt** (43), sem dregur nafn af klöppum, sem kallast **Höskuldarklettur** (44) og eru fyrir neðan flötina. Sá hluti holtsins, sem er upp og norður af Höskuldarklettaflöt, kallast **Brekkur** (45), og norðvesturendi holtsins nefnist **Brekkutögl** (46).

Sá hluti hraunsins, sem skagar út í Urriðakotsvatn, kallast **Hrauntangi** (47), og er hluti af honum í Setbergslandi. Í miðri Vesturmýri liggur Urriðakotsvegur yfir vatnslænu, sem nefnist **Kelda** (48). Við vegagerðina var hún brúuð og brúin nefnd **Keldubrú** (49). Áður var hún stikluð á steinum nokkru norðar. Þegar norðvestar kemur í mýrina, var læna þessi kölluð **Rás** (50). Rásin var stikluð á steinum, sem kallaðir voru **Rásarbrú** (51) á **Stórákróksgötu** (52), sem lá að heiman vestur í Stórákrók, sjá síðar.

Vikið sem gengur norður úr vatninu milli Hrauntanga að vestan og holtsins að austan, heitir einu nafni **Vesturvik** (53). Litla vikið í norðausturhorni Vesturvíks heitir **Tjarnarvik** (54), en í norðvesturhorni Vesturvíks er einnig lítið vik og nefnist það **Forarvik** (55). Í Forarvik safnaðist mikið af fergini og varð að forarvilpu. Mýrin sunnan vegar, en norðaustan undir Hrauntanga, kallast **Kriki** (56). Sá hluti Hrauntanga, sem skagar lengst út í vatnið til suðurs, heitir **Mjóítangi** (57). **Réttartangi** (58) skagar austur úr Hrauntanga nokkru sunnan við mitt Vesturvik. Sunnan við Krika liggur gamall grjótgardur þvert yfir Hrauntangann. Heimildarmanni er ekki kunnugt um nafn á honum. Í Hrauntanga rétt norðvestan við Mjóátanga er stór klettur með sýlingu í. Hann kallast **Sýlingarhella** (59) og er á mörkum Urriðakots og Setbergs.

Norðvestan við Krikann, norðan vegarins, sem áður var nefndur, skagar hraunnef út í mýrina. Það kallast **Kvíanef** (60). Norðan undir því er rétt, sem kallast **Kvíar** (61). Síðast var fært frá 1918, og var þá búinn til stekkur í öðrum enda Kvíanna. Það var í eina skiptið, sem heimildarmaður man eftir, að fært væri frá, því að það hafði ekki verið gert í langan tíma fyrir 1918. Skammt norðvestur af Kvíunum er gjóta í hraunbrúninni, sem kölluð var **Folaldagjóta** (62). Nafnið var dregið af því, að í tíð foreldra heimildarmanns fór folald í mógröf á móts við gjótuna. Það fannst lifandi í mógröfinni og tókst að hressa það við. Um mótekju þarna er það að segja, að um 4 skóflustungur voru niður á móinn og mólagið var um 4-5 skóflustungur á þykkt. Mórinn þótti ekki góður, en hann var þurrkaður uppi á hraunbrúninni. Mótekja lagðist niður um 1921-22. Nokkru norðar í hraunbrúninni er **Kaffigjóta** (63), en norðan hennar gengur nafnlaust nef út í mýrina. Norðan við nefið gegnt Kaffigjótu er **Hestagjóta** (64). Uppi í hrauninu vestur af Kaffigjótu er **Kringlóttagjóta** (65).

Um Rásabrú, sem áður var nefnd, lá Stórákróksgata, sem fyrr var nefnd. Hún var einnig nefnd **Kirkjustígur** (66) og var farið eftir honum til Garðakirkju. Lá hann

norðaustan við **Stórákrókshól** (67), sem er í vesturbrún hraunsins í vestur af Kaffigjótu. Stórákrókshóll er á mörkum Urriðakots og Setbergs. Hann dregur nafn af Stórákrók, sem er krika inn í hraunið á móts við hólinn og er í Setbergslandi. Norðvestur af norðurenda Vesturmýrar er hraunið tiltölulega slétt og flatt og kallast þar **Flatahraun** (68). Þar liggur nú akvegur, sem nefndur er **Reykjanesbraut** (69). Norður af Flatahrauni er nokkuð áberandi hóll með vörðu, **Miðaftanshóll** (70). Hann er á mörkum Urriðakots, Hafnarfjarðar og Vífilsstaða. Á móts við Brekkutögl liggur stígur út í hraunið, sem nefndur var **Hagakotsstígur** (71). Um hann var farið milli Urriðakots og Hagakots, en Hagakot var skammt norðan við Vífilsstaðalæk, en suður af Hofsstöðum. Norðan undir Brekkutöglum með hrauninu lá **Gjáarréttarstígur** (72) Álftnesinga.

Hraunbreiðan milli Urriðakotsholts og Vífilsstaðahlíðar nefnist einu nafni **Svínahraun** (73), en nyrðri hluti hraunsins, sem er í Vífilsstaðalandi, er nefndur Vífilsstaðahraun, en syðri hlutinn, sem er í Urriðakotslandi er kallaður **Urriðakotshraun** (74). Vífilsstaðahlíð, sem er í Vífilsstaðalandi, mun áður hafa verið nefnd Svínahlíð. Í Svínahrauni rétt norðaustan við vegamót Flóttavegar og **Heiðmerkurvegur** (75) eru **Maríuhellar** (76). Þeir eru tveir og eru á mörkum Urriðakots og Vífilsstaða. Hellarnir voru fyrrum notaðir sem fjárhellar. Nyrðri hellirinn var notaður frá Vífilsstöðum, en hinn frá Urriðakoti. Þessir hellar eru oftast kallaðir **Vífilsstaðahellar** (77). Suður af hellunum rétt sunnan við Heiðmerkurveginn er stór hraunhóll sem áður var með einni vörðu, en nú með mörgum. Hann kallaði Urrið[a]kotsfólkið **Dyngjuhól** (78), en Vífilsstaðafólkið **Hádegishól** (79), og var hann eyktamark þaðan. Suðvestur af honum er lítil flöt við hraunjaðarinn, **Dyngjuhólsflöt** (80). Suðaustur af Dyngjuhól er hraunið mjög úfið og kallast **Bruni** (81). Stórum hluta Brunans hefur verið spillt með efnistöku. Í Brunanum skammt suðvestan við Heiðmerkurveginn er stór, stakur hóll, **Einstakihóll** (82).

Nokkru sunnan við Dyngjuhólsflöt gengur smáhorn suðvestur úr hrauninu, sem kallast **Hraunhorn** (83). Sunnan við Hraunhornið var flöt, sem nefnd var **Hraunhornsflöt** (84). Henni var spillt með byggingaframkvæmdum á stríðsárunum. Norðaustur af Hraunhorni er hár klettur inni í hrauninu, **Smyrilsklettur** (85). Þar verpti smyrill. Nokkurn spöl suðaustur af Hraunhorni er vik inn í hraunið, og liggur **Grásteinsstígur** (86) þar inn í hraunið. Hann dregur nafn af stórum, gráum steini, **Grásteini** (87), við stíginn í hrauninu. Skammt sunnan við vikið, sem Grásteinsstígur

liggur um, er gömul rétt, sem kölluð var **Stekkjartúnsrétt** (88), eða aðeins **Stekkjartún** (89). Við hraunið nokkru suðaustar er önnur rétt nafnlaus, sem byggð var í minni heimildarmanns. Norður af henni er áberandi hóll í hrauninu, sem heitir **Einbúi** (90). Suðaustur af einbúa eru rústir beitarhúss, sem byggt var fyrir minni heimildarmanns. Austur og suðaustur af beitarhúsrústunum er hraunið tiltölulega slétt og lægra en umhverfið og nefnist **Flatahraun** (91). Flatahraun nær norður á móts við Kolanef í Vífilsstaðahlíð. Í Flatahrauni hefur verið gróðursett töluvert [af] furu og greni. Í norðaustur frá rústum beitarhússins í norðausturbrún hraunsins gegnt Kolanefi í Vífilsstaðahlíð við Kolanefsflöt, sjá örnefnaskrá Vífilsstaða, er lítill hellir, sem nefnist **Sauðahellir** (92). Veit op hans að hlíðinni, og eru hlaðnir kampar báðum megin við innganginn. Við hann var sauðum frá Urriðakoti gefið á gadd (á jörðina) allt frá því, að heimildarmaður man fyrst eftir sér til 1933. Heyið var borið heiman frá Urriðakoti í poka á bakinu.

Úfna hraunið á móts við Svarthamra í Vífilsstaðahlíð kallast **Kargi** (93). Suður af Karganum er mikil hrauntröð, **Selgjá** (94). Hún er framhald Búrfellsgjár, sem nær upp í Búrfell. Í Selgjá eru rústir af mörgum gömlum byrgjum, og eru sum þeirra í Urriðakotslandi, en flest í Garðakirkjulandi. Við norðausturbarm Selgjár, niðri í gjánni, er svokallaður **B-steinn** (95), en svo er nefnd hraunhella, sem rís þar upp á rönd líkt og legsteinn og bókstafurinn **B** hefur verið höggvinn í. Í neðri (norðvestur) enda Selgjár er **Selgjárhellir** (96). Í landamerkjabréfi er Selgjá nefnd **Norðurhella** (97). Er það nafn þá dregið af Selgjárhelli og fleiri hellum í norðurenda hrauntraðarinnar, sem hafa þá heitið **Norðurhellar** (98). Heimildarmaður kannast ekki við þessi nöfn úr mæltu máli. Örskammt norðvestur af Selgjárhelli er **Sauðahellir** (99). Sauðahellirinn er norðan við vörðu við **Gjáarréttargötu** (100), en Gjáarréttargatan er vörðuð í gegnum hraunið alla leið austur með Sneiðingum í Vífilsstaðalandi. Þessi hellir mun hafa verið notaður á svipaðan hátt og fyrr nefndur Sauðahellir, en fyrir minni heimildarmanns.

Suðsuðvestur af neðri enda Selgjár er holt vestan við Urriðakotshraun. Nefnist það **Syðsta-Tjarnholt** (101). Syðst á holtinu er stór klettur með grasþúfu uppi á. Hann nefnist **Markasteinn** (102) og er á mörkum Urriðakots, Garðakirkjulands og Setbergs. Norður af Syðsta-Tjarnholti er **Mið-Tjarnholt** (103) og **Litla-Tjarnholt** (104) norðvestur af Mið-Tjarnholti. Tjarnholtin eru öll suðvestan hraunsins. Vestur af Litla-

Tjarnholti er stór steinn og er annar steinn uppi á honum. Var það kallað **Byrgi** (105). Norðaustur af Byrginu er vik inn í hraunið, sem heitir **Kúadalur** (106). Þar liggur **Kúadalstígur** (107) inn í hraunið. Rétt austan við Kúadalstíg, inni í hrauninu, er krosssprunginn hóll, **Sprunguhóll** (108). Vestur af Byrginu er grýttur hóll, **Grjóthóll** (109). Dalurinn niður af Grjóthól, en suðaustur af Urriðakotshálsi, sem áður var nefndur, heitir **Urriðakotsdalur** (110). Suðvestan hans er Hádegisholt, sem fyrir var nefnt.

Hafnarfirði, 30. mars 1988,

Svanur Pálsson

[sign.]

## Stafrófsskrá örnefna

Austurtún 3	Hraunhornsflöt 84
Álftatangi 25	Hrauntangi 47
Brekkur 45	Höskuldarklettaflöt 43
Brekkutögl 46	Höskuldarklettur 44
Bruni 81	Kaffigjóta 63
Brunnrás(in) 12	Kargi 93
B-steinn 95	Kelda 48
Byrgi 105	Keldubrú 49
Dagmálavarða 35	Kinn 5
Dyngjuhóll 78=79	Kirkjustígur 66=52
Dyngjuhólsflöt 80	Kriki 56
Dýjakrókaflöt 20	Kringlóttagjóta 65
Dýjakrókahóll 19	Kúadalstígur 107
Dýjakrókalækur 21	Kúadalur 106
Dýjakrókar 18	Kvíaföt 37
Dýjamýri 16	Kvíanef 60
Einbúi 90	Kvíar 61
Einstakihóll 82	Langabarð 41
Elliðavatnsvegur 32=30,31,33	Litla-Tjarnholt 104
Ferginsflöt 8	Maríuhellar 76
Fit(in) 9	Markasteinn 102
Flatahraun 68	Miðaftanshóll 70
Flatahraun 91	Mið-Tjarnholt 103
Flóðahjalli 15=14	Mjóitangi 57
Flóttamannavegur 31=30,32,33	Norðurflöt 11
Flóttavegur 30=31,32,33	Norðurhellagjá 97
Folaldagjóta 62	Norðurhellar 98
Forarvík 55	Rás 50
Gjáarréttargata 28,100	Rásarbrú 51
Gjáarréttarstígur 72	Reykjanesbraut 69
Grásteinn 87	Réttartangi 58
Grásteinsstígur 86	Sauðahellir 92
Grjóthóll 109	Sauðahellir 99
Grjótrétt(in) 17	Selgjá 94
Grjótréttin vestri 39	Selgjárhellir 96
Hagakotsstígur 71	Skeljabrekka 7
Hádegisholt 14=15	Skothús 27
Hádegishóll 79=78	Skothústangi 26
Háls 29a=29	Smyrilsklettur 85
Heiðmerkurvegur 75	Snorrallaut 6
Hestagjóta 64	Sprunguhóll 108
Hólmar 10	Stekkjartún 89=88
Hraunhorn 83	Stekkjartúnarétt 88=89

Stórákróksgata 52=66  
Stórákrókshóll 67  
Stórávarða 36  
Stóristeinn 34  
Svaðadý 23  
Svaðadýsrás 24  
Svínahraun 73  
Syðsta-Tjarnholt 101  
Sýlingarhella 59  
Tjarnarvík 54  
Tjarnholt, Litla- 104  
Tjarnholt, Mið- 103  
Tjarnholt, Syðsta- 101  
Trantur 40  
Upptún(ið) 4  
Urriðakotsdalur 110  
Urriðakotsháls 29=29a  
Urriðakotsholt 1  
Urriðakotshraun 74  
Urriðakotsvatn 2  
Urriðakotsvegur eldri 13  
Urriðakotsvegur nýrri 38  
Vatnsendavegur 33=30,31,32  
Vesturmýri 42  
Vesturvík 53  
Vífilsstaðahellar 77  
Þurruvírlækur 22

## Urriðakot

Ari Gíslason skráði

Jörð í Garðahreppi næst austan Setbergs. Upplýsingar eru frá Gísla Sigurðssyni lögregluþjóni en hann fékk þær frá mjög kunnugri konu.

Fyrir suðvestan bæinn, vestur undir túngarðinum, er laut sem kallast **Snorrallaut** (1). Skammt frá henni var brekka sem heitir **Skeljabrekka** (2). Og upp af Snorrallaut, innan túns, var svokölluð **Kinn** (3). Norðvestan við túngarðinn er **Kví aflöt** (4). Hefur hún nú verið ræktuð. Norðvestur af henni heitir svo **Langabarð** (5). Upp af því, þar sem holtið er hæst að vestan, er lítið barð sem kallast **Trantur** (6). Austur af Langabarði og upp af Kví aflöt er **Grjótrétt** (7). Þar sést móta fyrir réttarbroti. Norðvestur af Langabarði eru **Höskuldarklettur** (8) og **Höskuldarklettaflöt** (9), framan í svokölluðum **Brekkum** (10). Norðvestur af Brekkum eru **Brekkutögl** (11), þar sem holtið endar. Norðnorðvestur af Brekkutöglum er Miðaftanshóll.

**Miðaftanshóll** (12) er á mörkum Urriðakots, Hafnarfjarðar, Hagakots og Vífilsstaða. Austan við Miðaftanshól er **Hagakotshóll** (13). Norðan við hann er götutroðningur sem kallast **Hagakotsstígur** (14). Upp af Grjótrétt, þar sem holtið er hæst, er **Stóravarða** (15). Suður af Stóruvörðu er svo **Dagmálavarða** (16). Norðnorðaustur af holtinu, á mörkum Urriðakots og Vífilsstaða, eru **Maríuhellar** (17) (Vífilsstaðahellar). Hraunið sem Maríuhellar eru í heitir **Svínahraun** (18). Í því sambandi má geta þess að hlíðin þar fyrir ofan heitir Svínahlíð en hún er venjulega nefnd Vífilsstaðahlíð. Svínahlíð er í Vífilsstaðalandi. Suðaustan við Maríuhella er allstór hraunhóll með vörðu, hann heitir svo **Dyngjuhóll** (19). Suðvestan undir honum er **Dyngjuhólsflöt** (20). Í suðaustur af Dyngjuhól er **Hraunhorn** (21) og **Hraunhornsflöt** (22). Norðaustur af Hraunhorni, inni í Svínahrauni, er **Smyrilsklettur** (23). Í suðaustur frá Smyrilskletti, í hraunkantinum, er **Grásteinn** (24) og **Grásteinsstígur** (25).

Í hrauninu suðaustur af Grásteini er hóll sem kallast **Einbúi** (26). Suðvestur af Einbúa er réttarbrot, þar er svokallað **Stekkjartún** (27). Austur af Einbúa kallast hraunið **Flatahraun** (28). Norður af Flatahrauni er **Bruni** (29). Í norðurbrún hraunsins, austur af

Brunanum, er **Sauðahellir** (30). Austan við Sauðahelli er **Selgjá** (31) sem er lægð í hraunið er nær upp að Búrfelli þótt hún heiti ekki því nafni alla leið.

Við vesturenda Selgjár er **Sauðahellir efri** (32). Suður af Sauðahelli hinum efri er **Syðsta-Tjarnholt** (33). Í suðurenda Syðsta-Tjarnholts er **Markasteinn** (34). Hann er á mörkum móti Setbergi og Garðakirkjulandi. Norðvestur af Syðsta-Tjarnholti er **Mið-Tjarnholt** (35). Norður af Mið-Tjarnholti er svo **Litla-Tjarnholt** (36). Norður af Litla-Tjarnholti er **Klapparhóll** (37). Vestur af Litla-Tjarnholti er **Syðridalur** (38). Norður af Syðridal er melbarð með vörðubroti á, kallast vörðubrotið **Byrgi** (39). Norður af því er stígur út í hraunið sem heitir **Kúadalastígur** (40). Vestur af Kúadalastíg er svo **Grjóthóll** (41). Upp af Grjóthól er **Grjóthólsflöt** (42) Norðvestur af Grjóthól er grasflöt sem heitir **Dalur** (43). Þar vestur af er **Háls** (44). Nyrzt á Hálsinum er **Stóristeinn** (45) Suður af Hálsinum er **Flóðahjalli** (46) öðru nafni Hádegisholt. Neðstur hluti þess er í Setbergslandi.

Vestan í hálsinum, niður undir mýri, er **Dýjakrókahóll** (47). Niður af honum eru **Dýjakrókar** (48) og **Dýjamýri** (49). Í Dýjamýri vestur af Dýjakrókum er **Svaðadý** (50). Vestur af Svaðadýi, heima við tún, er **Brunnrás** (51). Suður af Brunnrás er tangi sem skagar út í vatnið **Urriðakotsvatn** (52), nefnist hann **Skothús** (53). Suður af Skothúsi er **Álftatangi** (54). Neðst í túninu er svo **Fergisflöt** (55) og **Fit** (56) þar fyrir vestan. Hrauntanginn sem gengur út í vatnið að vestan heitir **Hrauntangi** (57). **Mjóitangi** (58) er kallað þar sem hraunið gengur lengst út í vatnið að vestan. Norðan við hann gengur smátangi út í vatnið er heitir **Réttartangi** (59). Vestur af Mjóatanga er klettur sem kallast **Sýlingahella** (60). Norðvestur af Hrauntanga er mýri sem heitir **Kriki** (61). Norðurendi Urriðakotsvatns heitir **Tjarnarvik** (62). Norðvestur af því er **Vesturmýri** (63). Suðvestur af Vesturmýri sunnanverðri, í hraunbrúninni, er **Kvíanef** (64). Norðvestur af Kvíanefi er **Folaldagjóta** (65). Norður af Folaldagjótu er **Kaffigjóta** (66). Suður af Kaffigjótu, úti í hraunbrúninni, er **Kringlóttagjóta** (67). Norðvestur af Kaffigjótu er **Hestagjóta** (68). Norðvestur af Hestagjótu er **Stórakróksstígur** (69) sem liggur á hól þar fyrir vestan sem heitir **Stórakrókshóll** (70) og er á merkjum móti Setbergi og Hafnarfirði.

## Stafrófsskrá örnefna

Álftatangi 54	Markasteinn 34
Brekkur 10	Miðaftanshóll 12
Brekkutögl 11	Mið-Tjarnholt 35
Brunnrás 51	Mjóitangi 58
Byrgi 39	Réttartangi 59
Dagmálavarða 16	Sauðahellir 30
Dalur 43	Sauðahellir efri 32
Dyngjuhóll 19	Selgjá 31
Dyngjuhólsflöt 20	Skeljabrekka 2
Dýjakrókahóll 47	Skothús 53
Dýjakrókar 48	Smyrilsklettur 23
Dýjamýri 49	Snorrallaut 1
Einbúi 26	Stekkjartún 27
Fergisflöt 55	Stórákrókshóll 70
Fit 56	Stórákróksstígur 69
Flatahraun 28	Stórarvarða 15
Flóðahjalli 46	Stóristeinn 45
Folaldagjóta 65	Svaðadý 50
Grásteinn 24	Svínahraun 18
Grásteinstígur 25	Syðridalur 38
Grjóthóll 41	Syðsta-Tjarnholt 33
Grjóthólsflöt 42	Sýlingahella 60
Grjótrétt 7	Tjarnarvík 52
Hagakotshóll 13	Tjarnholt, Litla- 36
Hagakotsstígur 14	Tjarnholt, Mið- 35
Háls 44	Tjarnholt, Syðsta- 33
Hestagjóta 68	Trantur 6
Hirauntangi 57	Urriðakotsvatn 52
Hraunhorn 21	Vesturmýri 63
Hraunhornsflöt 22	
Höskuldarklettaflöt 9	
Höskuldarklettur 8	
Kaffigjóta 66	
Kinn 3	
Klapparhóll 37	
Kriki 61	
Kringlóttagjóta 67	
Kúadalastígur 40	
Kvíafllöt 4	
Kvíanef 64	
Langabarð 5	
Litla-Tjarnholt 36	
Maríuhellar 17	

## Urriðakot Landamerkjaskrá

Ég undirritaður Nikulás Jónsson bóndi á Norðurkoti í Vogum gjöri vitanlegt: Að ég þinglýsi landamerkjum **Urriðakots** í Garðahreppi samkvæmt landamerkjabréfi dags. 2. sept. 1834. Þannig hljóðandi: Urriðakot á hálfu Fjánhella móti Vífilsstöðum, sem fyrrum hétu Máriaúhellar, fram í vörðu sín megin á Norðurhellragjárnarmi, og í stein á Fremsta-Tjarnholti með grasþúfu upp á, þaðan í vörðu á Flóðahjallatánni, úr henni í Álfatanga, þaðan í hellu sem er á miðjum Hrauntanganum, kölluð Sýlingahella. Úr henni í uppmjóan háan klett með Klofavörðu upp á sín megin við Stórákrók og í Gamla Fjarréttargirðingu á Moldarhrauni og uppi í Urriðakotshella, Máriaúhella.

Jón Guðmundsson Setbergi  
Jón Þorvarðarson Urriðakoti  
N. Jónsson Norðurkoti.

Landamerkjaskrá þessa samþykki ég fyrir hönd Garðakirkju, að öðru leyti en því að Máriaúhellar, nú Vífilsstaðahellar, eru samkvæmt máldögum eign Vífilsstaða svo sem ég hefi lýst yfir þar sem ég hef skráð það sem Vífilsstaðir eiga sérstaklega.

Hafnarfirði 9. 6. 1890  
Þórarinn Böðvarsson

## Urriðakot

Gísli Sigurðsson skráði

**Urriðakot** (1), jörð í Garðahreppi, fyrrum í Álftaneshreppi. **Urriðakotsbærinn** (2) stóð í **Urriðakotstúni** (3), nær miðju. Umhverfis túnið var **Urriðakotstúngarður** (4), hlaðinn af torfi og grjóti. **Suðurtúngarður** (5) sunnan að túninu. **Austurtúngarður** (6) að ofan og **Vesturtúngarður** (7) vestan. Heiman frá bænum lágu **Suðurtraðir** (8) í **Suðurtraðarhlið** (9). Ofan **Traðargarðsins** (10) var kallað **Austurtún** (11). Þar efst í túninu var **Fjárhúsið** (12). Ofan bæjarins var **Upptúnið** (13). Frá bæ lá svo **Túngatan** (14) vestur túnið að **Vesturtúngarðshliði** (15). Vestan við Upptúnið var **Kinn** (16), slétta í túninu, og vestur af henni út undir garði var lægð í túninu, nefndist **Snorrallaut** (17). Neðan götunnar er svo **Skeljabrekka** (18). Þar fundust skeljamolar þegar túnið var sléttað. Út við túngarð neðst var svæði, kallað **Fitin** (19), og niður af henni **Ferginsflöt** (20) og var þá komið niður að **Urriðakotsvatni** (21), **Urriðakotstjörn** (22), **Aurriðakotstjörn** (23) eða **Urriðavatni** (24). Sunnan við Ferginsflöt kom **Hólmavíkin** (25). Þar voru tveir hólmar lausir við land. Nefndust **Hólmurinn nyrðri** (26) og **Hólmurinn syðri** (27). **Niðurflöt** (28) var slétta kölluð ofan frá bæ niður að vatni sunnan við Hólmana. Neðst í Niðurflötinni var **Brunnurinn** (29), vel upphlaðinn brunnur. Frá honum lá **Brunngatan** (30) heim til bæjar. Frá Brunninum lá **Brunnrásin** (31) niður úr flötinni og eftir mýrinni út í vatnið. Úr Suðurtraðarhliði lá **Urriðakotsstígurinn** (32). Ofanvert við hann mýrarblettur, nefndist **Hlandpollur** (33), og þar fyrir ofan **Grjótrétt** (34), rústir gamallar réttar. En suður af var **Dýjakrókshóll** (35). Neðan stígsins var fyrst **Dýjamýrin** (36), efst undir holtinu voru uppsprettur, **Dýjakrókur** (37), ofan til við hann **Dýjakróksflöt** (38) en **Dýjakrókslækur** (39) rann frá uppsprettunum vestur mýrina. Úti í mýrinni voru aðrar uppsprettur, nefndist þar ein slík **Svaðadý** (40) og frá henni rann **Svaðadýjarás** (41). Þaðan rétt hjá var **Fífublettur** (42) og **Blástararkelda** (43). Lækirnir frá dýjum þessum runnu saman út í svo kallaðan **Purrarmýrarlæk** (44) en um hann lágu mörkin í mýrinni milli Urriðakots og Setbergs. En niður við vatnið voru mörkin í **Álftartanga** (45). Austur af honum var svo **Skothústangi** (46), líka nefnt **Skothús** (47), og þar var **Skothústbyrgi** (48), rúst gömul. Hér fram undan í vatninu voru kaldavermsl. Ofan og sunnan mýrarinnar í holtinu lá stígurinn vestur í Setbergsholt og eftir því að

Setbergstúngarði. Frá Urriðakoti lá **Gjarréttarstígur** (49) upp fyrir sunnan Dýjakrókshól upp á **Urriðakotsháls** (50) austar á **Urriðakotsholti** (51). En neðan frá Urriðakotsstíg lá svokölluð **Norðlingagata** (52) upp á hálsinn og áfram austan í holtinu, þá leið sem nú liggur **Flóttavegurinn** (53), **Vatnsendavegur** (54) eða **Ellidavatnsvegur** (55). Frá slóðum þessum norðvestur holtið var fyrst fyrir **Stóristeinn** (56) og þar ofar er **Dagmálavarðan** (57) en uppi á háholtinu er **Stórarvarða** (58). **Kvíaföt** (59) heitir allmikið barð vestan við túngarðinn og ofan götunnar, **Urriðakotsvegur** (60). Ofan hennar er **Grjótréttin vestri** (61), rústir gamallar fjárréttar. Þar norður af eru börð, nefnast **Trantar** (62), og síðan kemur **Langabarð** (63). Þá er komið að **Höskuldarklettum** (64) og **Höskuldarklettaflöt** (65). Þar var allstór útrækt neðan klettanna. Þar norður af taka við **Brekkur** (66) og síðan endi holtsins og nefnast þar **Brekkutögl** (67). Inn með töglunum að norðan nefnast **Moldbrekkur** (68). Heiman frá túngarðshlið liggur Urriðakotsvegur norður holtið og beygir síðan niður á mýrina, sem nefnist **Vetrarmýri** (69). Eftir mýrinni rann lækjarsitra, nefndist þar **Keldan** (70) og **Keldubrú** (71) yfir hana, og vegurinn svo áfram upp á hraunið. Áður en vegurinn var lagður voru þarna steinar, nefndust **Keldustiklur** (72). Þegar norðar kemur í mýrina breytir keldan um nafn og nefnist þá **Rás** (73) og **Rásbrú** (74), göngubrú þar yfir. **Vatnsvikið** (75) er fram af mýrinni og ber ýms nöfn, svo sem **Tjarnarvikið nyrðra** (76), **Tjarnarvik** (77) og **Forarvik** (78), því þarna safnaðist mikið fergin og varð að vilpu. **Hrauntangi** (79) liggur hér vestan að vikin. Einnig **Lambatangi** (80) og **Lambhagi** (81) og **Réttartangi** (82). **Mjóitangi** (83) er ystur og þar um liggur landamerkjalinan. Rétt innan við, yst á tanganum, er svonefndur **Kriki** (84) og lítið eitt norðar eru **Kvjar** (85) og **Kvíanef** (86). Hér liggur **Lambhagagarður** (87) þvert yfir tangann. Þá er nokkru norðar **Sýlingahella** (88) og liggur þar um landamerkjalinan og úr henni **Klofavörðusteinn** (89) og þaðan í **Stórakrók** (90). Í hraunbrúninni sem sneri að Vetrarmýrinni voru rétt norðan vegarins **Folaldagjóta** (91) og þar hjá **Hraunréttin** (92), þá kom ónefnt hraunsnef og norðan í því **Kaffigjóta** (93) í lægð inn í hraunið og gegnt Kaffigjótunni var svo **Hestagjóta** (94), en úti í mýrinni voru svo **Mógrafirnar** (95). Uppi á hrauninu var **Kringlóttagjóta** (96). Og var þá skammt inn í **Hraunkrikann** (97) en frá hraunbrúninni þarna var kallað **Flagið** (98) upp undir Brekkutöglin. Úr Hraunkrikanum lá **Urriðakotsstígur** (99) eða **Hagakotsstígur** (100). En inn með Moldbrekkum lá

**Gjarréttarstígur** (101) þeirra Álftnesinga. Úr Kaffigjótu lá **Kirkjustígurinn** (102) eða **Stórákróksstígur** (103) yfir í Stórákrók og þaðan yfir hraunið á Garðaholt heim að kirkju. Frá **Klofasteini** (104) lá **Flatahraun** (105) yfir að **Stórákrókshól** (106). Á hólnum var **Stórákróksvarða** (107). Hér norður af var svo kallað **Moldarhraun** (108) og þar lá landamerkjalinan um svonefnda **Fjarréttargirðingu** (109) í **Miðaftanshól** (110) en þar var hornmark milli landa Garðalands, Hafnarfjarðarlands og landa Urriðakots, Hagakots og Vífilsstaða. Héðan liggur svo landamerkjalinan í **Máriuhella** (111), en **Urriðakotshellir** (112) heyrði til Urriðakoti. Síðan lá línin suður eftir hraunbrúninni og var þar ekki örnefni utan **Sauðahellirinn nyrðri** (113) í brúninni móti Kolanefi. Þegar haldið var suður með hraunbrúninni var fyrst fyrir **Dyngjuhóll** (114) eða **Hraunhóll** (115) með **Dyngjuhólsvörðum** (116). Suðvestan undan hólnum var **Dyngjuhólflöt** (117). Sunnan við tók við **Bruninn** (118). Þar út í var **Smyrilsklettur** (119) og **Grásteinn** (120) en framhjá honum lá **Grásteinsstígur** (121) þvert yfir hraunið frá **Hraunhorni** (122) sem var nokkru sunnar með hraunbrúninni, en sunnar við það var svo **Hraunhornflöt** (123). Hér nokkru sunnar er komið í **Stekkinn** (124). Þar var **Stekkatúnið** (125), hvammur í hrauninu. Þarna var líka **Stekkatúnsrétt** (126) eða **Gamla réttin** (127) sem var í hraunbrúninni nokkru sunnar. En **Einbúinn** (128) var hraunhóll á hrauninu austur frá Stekknum. Hér frammar er komið í **Kúadali** (129) og liggur **Kúadalastígur** (130) upp og út í hraunið. Vestur frá Kúadölum er **Skotbyrgi** (131) gamalt. Þar vestar er hraunhóll mikill og við hann er **Fjánhúsréttin nyrðri** (132) en austan við Kúadali er **Fjánhústóftin syðri** (133). Það var upphaflega reist sem **Sauðahús** (134). Hér nokkru innar er í hrauninu svokallað **Tjarnholtsgreni** (135) móts við Mið-Tjarnholt. Spölkorn hér fyrir innan, eða sunnan, liggur Gjarréttarstígurinn upp á hraunið og skáhallt yfir það. Þar er komið að **Sauðahellinum syðra** (136). En **Sauðahellisvarða** (137) er þar rétt hjá. Hér í norðvestur er mikil lægð í hraunið sem nefnist **Flatahraun** (138) og nær norður á móts við Kolanef. Þar á hrauninu er stór hóll, nefnist **Einstakihóll** (139), og liggur **Heiðmerkurvegurinn** (140) rétt hjá honum og suður eftir. Þegar komið er framhjá Sauðahellisvörðu hallar niður í **Selgjána** (141) og nefnist þá stígurinn **Selgjárstígur** (142). Vestast í Selgjánni er **Selgjárhellir** (143). **Selgjárbyrgin** (144) og **Selgjárselin** (145) eru 33 að tölu í 11 sambyggingum því hér höfðu Álftnesingar í seli lengi eða allt fram á 18. öld. Við **Selgjárbarminn nyrðri** (146) er svokallaður **B-steinn**

(147), steinn með bókstafnum B. Á suðurhlið er svo **Selgjárbarmurinn syðri** (148). Við syðsta selið liggur stígurinn upp á barminn og er það **Selgjárvarðan** (149). Þegar kemur hér spölkorn suður er komið að úfnu hrauni fram undan Svarthömrum, nefnist **Kargi** (150). Selstæðið þarna var einnig nefnt **Norðurhellar** (151), **Norðurhellnasel** (152) og barmarnir því kallaðir **Norðurhellnaselsbarmur nyrðri** (153) og **Norðurhellna[sels]barmur syðri** (154). Frá **Markavörðu** (155) á syðri barmi Norðurhellnagjár lá landamerkjalinan suðvestur í **Markastein** (156) syðst á **Tjarnholtinu syðsta** (157) og er þar hornmark. Héðan liggur svo línan frá **Markasteinapúfu** (158) um **Þverhlíðarpúfu** (159) á **Þverhlíð** (160) og um **Flóðahjallatá** (161), en þar var **Flóðahjallatávarða** (162), og síðan í Álftartanga sem áður er nefndur. Þrjú eru **Tjarnholtin** (163), syðsta er þegar nefnt. Þá er **Mið-Tjarnholt** (164) og þá **Nyrsta-Tjarnholt** (165) eða **Litla-Tjarnholt** (166). En milli Tjarnholta og Þverhlíðar er **Dalurinn syðri** (167) eða eins og hann er stundum kallaður, **Urriðakotsdalur syðri** (168), og líka var hann nefndur **Efri-Flatir** (169). Hér um lá troðningur og niður um holtið nefndist **Syðridalatroðningur** (170), hann lá framhjá svonefndum **Grjóthól** (171) um **Grjóthólsflöt** (172) niður undan honum, en hér var kallað holtið **Milli dala** (173) og þá lá troðningurinn niður á **Neðri-Flatir** (174), **Dalinn neðra** (175) eða **Dalinn** (176) og **Urriðakotsdalinn neðri** (177), en svæði þetta sem nú hefur verið lýst nefndist einu nafni **Urriðakotsdalir** (178) og lá stígurinn hér um miðjan dal í Gjárréttarstíginn og síðan yfir á **Hálsinn** (179), **Flóðahjallaháls** (180) eða Urriðakotsháls sem fyrr er talinn og síðan niður til bæjar. Urriðakot hefur verið í eyði nú um árabíl. Þá var tekið upp á því að kalla jörðina **Urriðavatn** (181). Hraunið allt austan og ofan Urriðakotsholts nefndist **Urriðakotshraun** (182).

[Stimplað á Örnefnastofnun 14. maí 1971]

## Stafrófsskrá örnefna

Aurriðakotstjörn 23	Grjóthóll 171
Austurtún 11	Grjóthólsflöt 172
Austurtúngarður 6	Grjótrétt eystri 34
Álftartangi 45	Grjótrétt vestri 61
Blástararkelda 43	Hagakotsstígur 100
Brekkur 66	Hálsinn 179
Brekkutögl 67	Heiðmerkurvegur 140
Bruninn 118	Hestagjóta 94
Brunngatan 30	Hlandpollur 33
Brunnrásin 31	Hólmavík 25
Brunnurinn 29	Hólmurinn nyrðri 26
B-Steinn 147	Hólmurinn syðri 27
Dagmálavarða 57	Hraunhorn 122
Dalurinn 176	Hraunhornsflöt 123
Dalurinn neðri 175	Hraunhóll 115
Dalurinn syðri 167	Hraunkriki 97
Dyngjuhóll 115	Hraunrétt 92
Dyngjuhólsflöt 117	Hrauntangi 79
Dyngjuhólsvörður 116	Höskuldarklettaflöt 65
Dýjakróksflöt 38	Höskuldarklettur 64
Dýjakrókshóll 35	Kaffigjóta 93
Dýjakrókslækur 39	Kargi 150
Dýjakrókur 37	Keldan 70
Dýjamýri 36	Keldubrú 71
Efri-Flatir 169	Keldustiklur 72
Einbúi 128	Kinn 16
Einstakihóll 139	Kirkjustígur 102
Elliðavatnsvegur 55	Klofasteinn 104
Ferginsflöt 20	Klofavörðusteinn 89
Fitin 19	Kriki 84
Fífublettur 42	Kringlóttagjóta 96
Fjánhús 12	Kúadalastígur 130
Flagið 98	Kúadalir 129
Flatahraun 105, 138,	Kvíaföt 59
Flóðahjallaháls 180	Kvíanef 86
Flóðahjallatá 161	Kvíar 85
Flóðahjallavarða 162	Lambatangi 80
Flóttavegur 53	Lambhagagarður 87
Folaldagjóta 91	Lambhagi 81
Forarvík 78	Langabarð 63
Gjáarréttarstígur 49, 101	Litla-Tjarnaholt 166
Grásteinn 120	Markasteinn 156
Grásteinsstígur 121	Markasteinsþúfa 158

Markavarða 155	Stórikrókur 90
Máruhellar 111	Stóristeinn 56
Miðaftanshóll 110	Suðurtraðarhlið 9
Mið-Tjarnholt 164	Suðurtraðir 8
Milli dala 173	Suðurtúngarður 5
Mjóitangi 83	Svaðadý 40
Moldarhraun 108	Svaðadýjarás 41
Moldbrekkur 68	Syðridalatroðningur 170
Mógrafir 95	Sýlingahella 88
Neðri-Flatir 174	Tjarnarvík nyrðra 76
Niðurflöt 28	Tjarnarvík 77
Norðlingagata 52	Tjarnholt syðsta 157
Norðurhellar 151	Tjarnholtin 163
Norðurhellnasel 152	Tjarnholtsgren 135
Norðurhellnaselsbarmur nyrðri 153	Traðargarður 10
Norðurhellnaselsbarmur syðri 154	Trantar 62
Nyrsta-Tjarnholt 165	Túngatan 14
Rás 73	Upptún 13
Rásbrú 74	Urriðakot 1
Réttartangi 82	Urriðakotsbær 2
Réttin gamla 127	Urriðakotsdalir 178
Sauðahellir nyrðri 113	Urriðakotsdalur neðri 177
Sauðahellir syðri 136	Urriðakotsdalur syðri 168
Sauðahellisvarða 137	Urriðakotsháls 50
Sauðshús 134	Urriðakotshellir 112
Selgjá 141	Urriðakotsholt 51
Selgjárarmur nyrðri 146	Urriðakotshraun 182
Selgjárarmur syðri 148	Urriðakotsstígur 32
Selgjárhellir 143	Urriðakotsstígur 99
Selgjársel 145	Urriðakotstjörn 22
Selgjárstígur 142	Urriðakotstún 3
Selgjárvarðan 149	Urriðakotstúngarður 4
Skeljabrekka 18	Urriðakotsvatn 21
Skotbyrgi 131	Urriðakotsvegur 60
Skothús 47	Urriðavatn 24, 181
Skothúsbyrgi 48	Vatnsendavegur 54
Skothústangi 46	Vatnsvikið 75
Smlyrilsklettur 119	Vesturtúngarðshlið 15
Snorrallaut 17	Vesturtúngarður 7
Stekkatún 125	Vetrarmýri 69
Stekkatúnsrétt 126	Þurramýrarlækur 44
Stekkurinn 124	Þverhlið 160
Stórakrókshóll 106	Þverhliðarþúfa 159
Stórakróksstígur 103	
Stórakróksvarða 107	
Stórarvarða 58	